



Viðauki við grunnlýsingu dagsetta 21. júlí 2022 vegna 80.000.000.000 kr. útgáfuramma

Viðauki þessi er birtur á grundvelli laga um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði nr. 14/2020, sbr. 23. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129. Grunnlýsing dagsett 21. júlí 2022 útgefin af Orkuveitu Reykjavíkur (hér eftir nefnd „grunnlýsingin“ og „OR“, „útgefandi“ eða „félagið“) skal höfð til hliðsjónar við lestur viðauka þessa og gilda skilgreiningar í grunnlýsingunni jafnframt um viðauka þennan. Við birtingu viðaukans myndar hann órjúfanlegan hluta grunnlýsingarinnar.

Nýr forstjóri OR

Þann 4. apríl 2023 hóf nýr forstjóri OR störf, þar sem Sævar Freyr Þráinsson tekur við störfum Bjarna Bjarnasonar. Af framangreindu leiðir að gera þarf eftirfarandi breytingar á grunnlýsingunni:

- Á bls. 37 skal textanum „Bjarni Bjarnason, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur“ skipt út fyrir „Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur“.

Hækkan á útgáfuramma OR

Í grunnlýsingunni er vísað til þess að OR geti, með heimild frá stjórn útgefanda, gefið út skuldabréf og víxla samtals að útistandandi fjárhæð allt að 80 ma.kr. á hverjum tíma, í samræmi við ákvæði útgáfuramma skuldabréfa og víxla án eigendaábyrgðar dagsettan 8. apríl 2020. Á stjórnarfundi þann 27. febrúar 2023 ákvað stjórn félagsins að hækka fjárhæð útgáfurammans upp í 120 ma.kr.

Af framangreindri hækjun útgáfurammans leiðir að gera þarf eftirfarandi breytingar á grunnlýsingunni:

- Í kaflanum 1.1 - *Útgáfuramminn* skal breyta fjárhæðum þar sem vísað er til útgáfurammans þannig að eftirleiðis standi þar „120 ma.kr.“ í stað „80 ma.kr.“
- Í kaflanum 4 – *Form endanlegra skilmála* skal breyta fjárhæð á forsíðu formsins á bls. 20 þannig að eftirleiðis standi þar „120.000.000.000 kr.“ í stað „80.000.000.000 kr.“
- Í kaflanum 4 – *Form endanlegra skilmála* skal breyta fjárhæð í fyristu efnisgrein almenns texta á bls. 20 þannig að eftirleiðis standi þar „27. febrúar 2023.“ í stað „8. apríl 2020.“
- Í kaflanum 4 – *Form endanlegra skilmála* skal breyta fjárhæð í fyrstu efnisgrein almenns texta á bls. 21 þannig að eftirleiðis standi þar „120.000.000.000 kr.“ í stað „80.000.000.000 kr.“
- Í kaflanum 4 – *Form endanlegra skilmála* skal breyta fjárhæð í undirkafla 6 – *Heimild til útgáfu í Hluta II* á bls. 25 þannig að eftirleiðis standi þar „120 ma.kr.“ í stað „80 ma.kr.“
- Í kaflanum 6.1 – *Skilgreiningar og tilvísanir* skal breyta fjárhæð í þriðju efnisgrein á bls. 39 þannig að eftirleiðis standi þar „120 ma.kr.“ í stað „80 ma.kr.“

Ný útgáfuáætlun OR

Í kafla 1.5 – *Útgáfuáætlun í grunnlýsingunni* er vísað til þess að núgildandi fjármögnunaráætlun OR nemi allt að 9 milljörðum króna á árinu 2022, í formi skuldabréfaútgáfu, víxlaútgáfu eða bankaláns, samkvæmt heimild stjórnar frá 20. desember 2021 til fjármögnunar á því tímabili.

Efni undirkaflangs skal skipt út fyrir eftirfarandi texta:

„Núgildandi fjármögnunaráætlun Orkuveitu Reykjavíkur nemur allt að 25 ma.kr. á árinu 2023, í formi skuldabréfaútgáfu, víxlaútgáfu eða bankaláns, samkvæmt heimild stjórnar frá 27. febrúar 2023 til fjármögnunar á því tímabili.“

Yfirlýsing ábyrgðaraðila viðauka við grunnlýsingu fyrir hönd útgefanda

Framkvæmdastjóri fjármála Orkuveitu Reykjavíkur, kennitala 551298-3029, Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík, lýsir því yfir fyrir hönd Orkuveitu Reykjavíkur, sem útgefanda, að samkvæmt hans bestu vitund séu upplýsingarnar, sem viðaukinn hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum hafi verið sleppt sem gætu haft áhrif á áreiðanleika hans.

Reykjavík, 25. apríl 2023

Fyrir hönd Orkuveitu Reykjavíkur

Benedikt Kjartan Magnússon

Framkvæmdastjóri fjármála